

Umfang og starfsemi

Neytendavernd með tilliti til matvæla snýr bæði að því að vernda heilbrigði manna með því að stuðla að öryggi og heilnæmi matvæla og að því að vernda hagsmuni neytenda hvað varðar rétt þeirra til upplýsinga. Heilsa manna, dýra og umhverfis mynda eina órofa heild – *Ein heilsa*. Allir hlekkir matvælakeðjunnar, „frá haga til maga“, eru því mikilvægur þáttur í öryggi og heilnæmi þeirra afurða sem fólk neytir og að þeim fylgi réttar upplýsingar. Stefna í málefnum neytendaverndar nær til flestra meginþátta í starfsemi Matvælastofnunar og varðar áburð, fóður, frumframleiðslu matvæla, slátrun, matvælavinnslu, innflutning matvæla sem og meðhöndlun aukaafurða dýra.

Löggjöf sem varðar stefnuna:

- lög um matvæli nr. 93/1995
- lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993
- lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998
- lög um dýralyf nr. 14/2022
- lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994
- lög um vernd afurðaheita nr. 130/2014
- lög um Matvælastofnun nr. 30/2018
- lög um skeldýrarækt nr. 90/2011

Stöðumat og helstu áskoranir

Öryggi og heilnæmi matvæla á íslenskum markaði er almennt talið gott. Sjúkdómsvaldandi örverur sem og lyfjaleifar, varnarefnaleifar og önnur aðskotaefni greinast sjaldan yfir mörkum í matvælum og tilfelli flestra matarborinna sýkinga eru fá. Síðustu ár hafa þó komið upp tilfelli matarsýkinga af völdum *Listeria monocytogenes* og STEC (Shigatoxin myndandi *E. coli*) og nauðsynlegt er að leggja áherslu á aðgerðir til að hindra að slíkt komi upp á ný. Mikilvægt er að viðhalda góðri stöðu varðandi öryggi matvæla með tilliti til aðskotaefna.

Síðustu ár hefur komið fram nokkur fjöldi tilvika um ónógar upplýsingar um ofnæmisvalda í matvælum. Slíkt getur verið veruleg ógn við heilsu neytenda með ofnæmi. Flest þessara tilvika hafa uppgötvast við opinbert eftirlit. Síðustu ár hefur frekar borið á aukningu á slíkum tilvikum. Því er nauðsynlegt að leggja áfram áherslu á þennan þátt matvælaöryggis sem og á aðra þætti varðandi upplýsingar um matvæli s.s. um upprunaland og samsetningu þeirra.

Jafnframt eru ýmsir aðrir þættir matvælaöryggis sem leggja þarf áherslu á s.s. matvælaöryggismenning innan fyrirtækja.

Með því að sinna eftirliti með því að fyrirtæki uppfylli sínar skyldur, virkri fræðslu og upplýsingagjöf og réttum viðbrögðum stuðlar Matvælastofnun að neytendavernd. Nauðsynlegt er að rýna með markvissum hætti hvort eftirlit með þáttum neytendaverndar skilar árangri (er skilvirk og hentugt).

Helstu áskoranir:

- Takmarkað fjármagn í vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis
- Viðhalda fagþekkingu og reynslu í sibreytilegu umhverfi neytendaverndar.
- Að ná eyrum almennings varðandi málefni neytendaverndar á tímum upplýsingaofgnóttar

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að forvarnir, eftirlit og viðbrögð vegna neytendamála séu í fremstu röð og fyrirmynd annarra ríkja þar sem starfrækt er sambærileg starfsemi.

Meginmarkmiðið er að stuðla að öryggi og heilnæmi matvæla og standa vörð um rétt neytenda til upplýsinga með því að vakta og sannprófa, með samræmdum og markvissum hætti, að rekstraraðilar uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerða. Einnig með því að stunda áhrifaríkar forvarnir í formi fræðslu og leiðbeininga sem og með því að tryggja fumlaus viðbrögð við sérhverri ógn við neytendavernd.

Markmið

Áhrifaríkar forvarnir

- Forvarnir fela í sér bæði fræðslu til neytenda um málefni á sviðinu og leiðbeiningagjöf til fyrirtækja um kröfur löggjafar.

Árangursríkt eftirlit

- Árangursríkt eftirlit er áhættumiðað, hnitmiðað, skilvirkt og skilar árangri.

Fumlaus viðbrögð

- Fumlaus viðbrögð eru hröð, fagleg og byggð á viðbragðsáætlunum.

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.